

Nr. 082 / 10 Háborg HU 10***Olúlaus og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 2405
Smíðaður: Noregi 1983, plast
Stærð: 27,2 brl. 25,1 bt.
Mesta lengd: 14,29 m Skráð lengd: 13,95 m
Breidd: 4,16 m Dýpt: 1,95 m
Vél: Yanmar 121 kW 1983
Fjöldi skipverja: 2



Háborg ©Hafbór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. júní 2010 var Háborg HU 10 á siglingu til hafnar á Skagaströnd. Veður: Logn.

Þegar skammt var eftir stöðvaðist vélin og fljótlega kom í ljós að engin olía var eftir á olúgeymunum. Bátsverjar óskuðu eftir aðstoð og björgunarskipið Húnabjörg dró Háborgu HU inn í höfnina.

Við rannsókn kom fram:

- að tveir síðutankar eru í bátnum og á þeim eru mæliglös (hæðarglös) sem lokuð eru frá tanknum með hraðlokum eins og reglur kveða á um. Ýta þarf á spindil lokans til að opna fyrir og þegar þeim er sleppt lokast fyrir;
- að skipstjóri gerði sér ekki grein fyrir að opna þyrfti fyrir lokana til að sjá rétt magn olíu í tanknum hverju sinni. Yfirborð í hæðarglösunum var því í þeirri hæð sem verið hafði þegar síðast hafði verið ýtt á lokana.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var þekkinga- og kæruleysi bátsverja.